

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skipsbúnað nr. 988/2000.

1. gr.

Í 2. gr. c-lið, d-lið og n-lið fellur niður tilvísun í 1. janúar 1999 og í staðinn kemur 1. janúar 2001.

2. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi setning:

Svo á einnig við um búnað sem talinn er upp sem „nýr liður“ undir dálknum „heiti“ í viðauka A.1.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993 og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 um breytingu á tilskipun 96/98/EB frá 20. desember 1996, um búnað um borð í skipum sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 6/2002.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2002.

Samgönguráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.278 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 227 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 96 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, sbr. reglugerð nr. 309/1999, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 112.000 kr. fyrir einstakling og 240.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 40.000 kr.